

Tíðindi af vettvangi sveitarstjórnarmála

Til : ingibjorg.hinriksdottir@samband.is
Frá : ingibjorg.hinriksdottir@samband.is
Heiti : Tíðindi af vettvangi sveitarstjórnarmála
Málsnúmer : 2017050126
Málsaðili : Ísafjarðarbær - bæjarritari
Skráð dags : 15.09.2017 11:36:02
Höfundur : ingibjorg.hinriksdottir@samband.is

[Skoða póstinn í vafra](#)

Áhrif nýrrar persónuverndarlöggjafar

Stefnt er að því að ný EES persónuverndarlöggjöf taki gildi hér á landi á næsta ári. Ljóst er að þessi nýja heildarlöggjöf gerir ríkari kröfur en nú eru gerðar varðandi meðferð, úrvinnslu og vistun persónuupplýsinga. Þá felur nýja löggjöfin í sér sektarákvæði sem beita má ef sveitarfélög gerast sek um brot á upplýsingum sem njóta persónuverndar.

Sambandið hefur lokið við samantekt á helstu atriðum úr ESB-reglugerðinni sem liggur að baki nýju persónuverndarlöggjöfinni og þeim áhrifum sem vænta má á rekstur sveitarfélaga. Tekið skal fram að samantektin og leiðbeingarnar sem henni fylgja eru unnar út frá stöðunni eins og hún er í dag. Aðildarríki hafa nokkurt svigrúm til aðlögunar innan lagarammans og má því gera ráð fyrir einhverjum áherslubreytingum eftir því sem málinu vindur fram. Það ferli mun þó ekki hafi áhrif á meginatriði löggjafarinnar.

[Nánar](#)

Samráð við íbúa eykur ánægju og traust

Fjölmennt var á málþingi sambandsins um íbúasamráð sveitarfélaga og þátttöku íbúa

sem fram fór nýlega fram á Grand hóteli í Reykjavík. Ný handbók fyrir sveitarfélög er væntanleg, auk þess sem hópur hefur verið settur á fót á Fésbók fyrir umræðu og þekkingarmiðlun á milli sveitarfélaga.

Fjallað var um lykilorði íbúasamráðs og -þátttöku í þremur málstofum og kynntu sveitarfélög vítt og breitt um landið áhugaverð lýðræðisverkefni. Nálágast má upptöku af þinginu á vef sambandsins.

[Nánar](#)

Breytingar í lífeyrismálum kölluðu á nýjar reglur um fjármál sveitarfélaga

Samhliða jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði, hefur sveitarfélögum verið ætlað að gera upp framtíðarhalla A-deildar Brúar með einskisframlagi. Um verulegar fjárhæðir er að ræða, sem hefðu að óbreyttu raskað fjárhagslegum grundvelli sveitarfélaganna til skemmri tíma litið.

Til að koma í veg fyrir þetta, hafa verið gerðar tvær reglugerðarbreytingar í samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.

[Nánar](#)

Þjóðarsáttmála um læsi fylgt eftir

Lesifimipróf er eitt af þeim mælitækjum sem grunnskólum mun standa til boða til að meta lestrarkunnáttu.

Menntamálastofnun þróar nú mælitæki undir safnheitinu Lesferill og er lesfimipróf hluti af því safni.

Þessi snjöllu mælitæki gerbreyta aðstöðu kennara skólastjórnenda og kjörinna fulltrúa til

að fylgja þjóðarsármálanum um læsi eftir á eigin forsendum.

Ljósmynd: Frá kynningarfundum á niðurstöðum fyrstu lesfimiþrófa (f.v.) Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar, Halldór Halldórsson, formaður sambandsins, Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra og Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla

Nánar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heldur morgunverðarfund um áhættumat HAFRÓ vegna laxeldis 27. sept. kl. 8:30 til 10:30. Fundurinn fer fram á Skúlagötu 4. 1. hæð. Nánari dagskrá verður auglýst síðar.

Málþing um innanlandsflug sem almenningssamgöngur fer fram á Hótel Natura 4. október kl. 13:00-15:30. Fyrirlesarar koma m.a. frá Highlands and Islands Enterprise í Skotlandi, en að þinginu standa landshlutasamtök o.fl.

[Fylgstu með á vef sambandsins](#)

Copyright © 09_1_2017
Samband Íslenskra sveitarfélaga
Allur réttur áskilinn
[Sendu okkur póst ef þú ert með athugasemd](#)

This email was sent to helga@samband.is

[why did I get this?](#) [unsubscribe from this list](#) [update subscription preferences](#)

Samband íslenskra sveitarfélaga · Borgartún 30 · Reykjavík 108 · Iceland